

## Eðvarð Sigurðsson



Eðvarð Sigurðsson fæddist árið 1910 í Garði, hann lést árið 1983. Eðvarð vann ýmis verkamannastörf og hóf ungur þátttöku í störfum verkalýðshreyfingarinnar. Árið 1936 var hann farinn að láta að sér kveða í andstöðuhópi kommúnista innan Dagsbrúnar. Árið 1942 var Eðvarð kosinn í stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en ári áður hafði hann verið handtekinn vegna dreifibréfsmálsins svokallaða, þegar dreift var bréfi á ensku meðal breskra hermanna og þeir beðnir um að ganga ekki í störf íslenskra verkamanna í verkfalli. Hann og félagar hans sátu af þessum sökum í fangelsi í nokkrar vikur. Eðvarð varð starfsmaður Dagsbrúnar árið 1944. Hann var formaður félagsins frá 1961 til 1982 og formaður Verkamannasambandsins frá stofnun þess árið 1964 til 1975. Eðvarð átti einnig sæti í miðstjórn Alþýðusambands Íslands um langt árabil og var varaforseti þess 1954–1958 og aftur 1960–1968.

Sem helsti forystumaður reykvískra erfiðisvinnumanna í áratugi og í forystusveit Alþýðusambandsins átti Eðvarð hlut að helstu framfaramálum fyrir íslenskt launafólk og sigrum verkalýðshreyfingarinnar meðan hans naut við.

Eðvarð var kjörinn þingmaður Reykvíkinga árið 1959 og sat á Alþingi í tvo áratugi. Hann var um langt skeið í forystu Sósíalístaflokksins og síðar Alþýðubandalagsins.

Um Eðvarð sagði einn af hans nánustu samstarfsmönnum að í daglegri umgengni hafi hann verið „einstakt ljúfmenni, ráðhollur og ráðagóður, en enginn skyldi halda að farið yrði með hann þangað sem hann ætlaði ekki sjálfur.“

Eðvarð barst ekki á og bjó lengst af í bænum Litlu-Brekku við Suðurgötu, síðasta torfbænum í Reykjavík, þar til hann var rifinn árið 1980.